

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2019.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 38 - 38. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) fagnar tillögu um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilmöguleika sem starfa í félagsþjónustu og öðrum stofnunum sem sinna móttöku fólks af erlendum uppruna og aðlögun að íslensku samfélagi.

Um er að ræða tillögu til þingsályktunar sem var lögð fram á 149. löggjafarþingi og liggja fyrir umsagnir nokkurra aðila. Félagsráðgjafafélagið getur tekið undir umsagnir Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og Fjölmenningsseturs. Félagsráðgjafafélagið hvetur til þess að horft verði heildrænt til málefnisins nú þegar framkvæmdaáætlun til ársins 2019 um málefni innflytjenda, verður endurskoðuð. Ákjósanlegt er að sú vinna sem framundan er feli í sér skýrslu sem taki til stefnu og framkvæmdaráætlunar. Huga þarf að ýmsum þáttum þegar kemur að því að efla fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi til að mynda með samræmdri móttökuáætlun fyrir félagsþjónustu sveitarfélaganna þar sem meðal annars væri lögð áhersla á úrbætur í húsnæðismálum viðkvæmra hópa eins og flóttafólk þar sem tryggt húsnæði er forsenda fyrir frekari aðlögun í samfélaginu.

Tryggja þarf aðgengi að íslenskunámskeiðum og aðlaga að ólíkum hópum, til dæmis er mikilvægt að efla nám í Nýbúabraut Tækniskólans og fjölga plássum fyrir ungmenni sem hafa enga eða litla íslenskukunnáttu, óháð fyrri menntun. Einnig þarf að tryggja aðgengi að menntun almennt, ekki síður hvatningu og stuðning innan skóla en rannsóknarniðurstöður sýna að það skiptir máli, sérstaklega hvað varðar þátttöku og brottfall nemenda af erlendum uppruna. Efla þarf íslenskukennslu á vinnustöðum, auk fræðslu um réttindi á vinnumarkaði o.fl. sem þarf að huga að. Því er mikilvægt að settur verði á laggirnar starfshópur með víðtæka samfélagslega nálgun til að vinna að tillögum og útfærslu. Þá þarf að efla stuðning við innflytjendur sem miðar að því að þeir geti fengið menntun sína frá heimalandi metna hér á landi.

Efla þarf geðheilbrigðisþjónustu fyrir fólk af erlendum uppruna, sérstaklega flóttafólk sem hefur orðið fyrir margvíslegum áföllum í heimalandinu og á leið til Íslands.

Tryggja þarf túlkþjónustu á öllum sviðum og skoða fjölbreytta möguleika svo sem, *Language line* í þeim tilvikum sem erfitt reynist að útvega túlkþjónustu vegna fjarlægðar eða sérhæfingar. Líta þarf til þess hvort Sjúkratryggingar Íslands geti gert samninga sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar hafi aðgang að til að auka aðgengi að túlkþjónustu.

Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir og taka þátt í mótun stefnu varðandi málefni fólks af erlendum uppruna, sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður

Að umsögninni kom Fagdeild félagsráðgjafa í fjölmenningu.